

atvinnuveganefnd Alþingis - athugasemd við þingsályktunartillögu vegna rammaáætlunar

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir [Thora@smugan.is]

Sent: 7. maí 2012 23:01

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

*Alþingi
Erindi nr. P 140/2278
komudagur 7.5.2012*

Atvinnuveganefnd Alþingis - athugasemd við þingmál 727 - áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Ég undirrituð geri athugasemdir við að þingsályktun um rammaáætlun sé á forræði iðnaðarráðuneytis og atvinnuveganefndar en ekki umhverfisráðuneytis og umhverfisnefndar. Þá finnst mér ótækt að virkjanir í neðri-Þjórsá séu einungis í biðflokki meðan rannsókuð er laxagengd í ánni og áhrif virkjana þar á. Gera þarf fleiri rannsóknir svo sem á áhrifum á byggð við Þjórsá en slíkt var ekki á borði verkefnisstjórnar.

Ég skora ennfremur á alþingismenn að beita sér fyrir því að fallið verði frá áformum um að gera Reykjanesið að einu samfelldu iðnaðarsvæði og sammælist um að hlífa í það minnsta háhitasvæðum innan Reykjanesfólkvangs og færa þau í verndarflokk.

Óskiljanlegt er ennfremur að biðflokkurinn sé ekki mun stærri en raun ber vitni, enda hafa margir vísindamenn bent á að verulega skorti á rannsókni, ekki síst á háhitasvæðum.

Þá hefði átt að falla frá hugmyndum um Hólmsárvirkjun og Búlandsvirkjun og færa áhrifasvæði þeirra í verndarflokk. Það sama er uppi á teningnum varðandi Jökulsárnar í Skagafirði sem eiga fremur heima í verndarflokki en biðflokki.

Virðingarfyllst Þóra Kristín Ásgeirsdóttir 100866-5879